

Sp. 253. Tillaga til þingsályktunar [236. mál]

um tryggingasjóð loðdýraræktar gegn verðsveiflum.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðmundur Bjarnason,
Stefán Guðmundsson, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna með hvaða hætti megi best tryggja hag loðdýrabænda gegn verðsveiflum á loðskinnamörkuðum.

Nefnd þessi, sem skipuð verði fulltrúum loðdýrabænda, Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, auk fulltrúa landbúnaðarráðuneytisins, athugi sérstaklega og geri tillögur um stofnun verðmiðlunarsjóðs er greitt verði til er verðlag á loðskinnnum telst hátt en bæti skinnaverð þegar verð fer verulega niður fyrir meðalverð undanfarinna ára.

Greinargerð.

Það er alkunna að sveiflur hafa löngum orðið allverulegar á loðskinnamörkuðum vegna breytilegrar eftirspurnar og framboðs. Þegar til lengri tíma er litið, sem loðdýrarækt hefur verið stunduð sem búgrein, hafa orðið miklar sveiflur bæði í framleiðslu og verði.

Loðdýrarækt stendur hvergi fastar fótum en á Norðurlöndum og njóta Íslendingar þess að vera í góðri samvinnu við Norðurlandabjóðirnar, bæði hvað varðar markaðsmál og faglega hvað varðar ræktunarmálin.

Samband íslenskra loðdýraræktenda (SÍL) er með samning um sölu loðskinna í Danska uppboðshúsinu (DPA) í Kaupmannahöfn og þar með aðili að samstarfi allra Norðurlandabjóðanna um uppboðsmálin, en auk þess er SÍL aðili að samskandinavíska kynningarfyrirtækinu „Saga Furs of Skandinavia“ sem sinnir kynningu á loðskinnnum og markaðsstarfsemi um allan heim. Leita mætti til þessara aðila um upplýsingar um öll þau mál er varða mat á möguleikum til að tryggja íslenska loðdýrabændur fyrir verðsveiflum á meðan greinin er að slíta barnskónum hér á landi. Á hinu faglega sviði hafa Búnaðarfélag Íslands, SÍL og RALA haft nána samvinnu við hliðstæða aðila annars staðar á Norðurlöndum. Ráðunautar og aðrir sérfræðingar hafa bæði hlotið þar þjálfun og tekið þátt í hvers konar faglegu samstarfi.

Hvað náttúruleg skilyrði varðar, benda allar athuganir til, svo og fengin reynsla, að loðdýrarækt á Íslandi hafi alla möguleika til að standast samkeppni við loðdýrarækt annarra þjóða. *En til þess þarf hún að njóta sambærilegs aðbúnaðar við loðdýrarækt keppinautanna og til þess þarf að efla leiðbeiningarkennslu, rannsóknir og bæta enn félagslega uppbyggingu greinarinnar.*

Að þessum skilyrðum uppfylltum er loðdýraræktin tvímælalaust sú grein sem með skjótustum hætti gæti fyllt í skörðin í atvinnulífi sveitanna sem menn óttast réttilega að myndist við samdráttinn í hefðbundnum greinum og þannig komið í veg fyrir stórhættulega og nær óbærilega byggðaröskun.

Það er skiljanlegt að hættan á verðsveiflum og tímabundnu lággengi á loðskinnamörkuðum fæli ýmsa frá því að leggja fjármuni í loðdýrarækt. Hefðu menn hins vegar einhverja tryggingu fyrir því að verstu verðsveiflurnar yrðu jafnaðar út með ákveðinni verðmiðlun mundu mikið fleiri treysta sér til að fara af stað og greinin þar með eflast mun hraðar sem heild og samkeppnisaðstaða batna sem því nemur. Því er þessi tillaga flutt og þess vænst að málið verði kannað rækilega sem fyrst.

Þess má geta að norskir loðdýrabændur starfrækja slíkan tryggingasjóð sem hér er rætt um að koma þurfi á fót og gæti það orðið til leiðbeininga fyrir nefndina sem tæki þetta til umfjöllunar að kynna sér fyrirkomulag hans.